

Nr. 33/1877:

Rjettvísín

gegn

Þorbjörgu Jóhannesdóttur.

Dómur:

Með aukapingsdómi Mýra og Borgarfjarðarsýslu gengnum 22. okt. 1877 er Þorbjörg Jóhannesdóttir í máli þessu fyrir dularfæðingu og barnsmorð dæmd í 8 ára betrunarhúsvinnu og til að greiða allan löglegan kostnað af málinu. Atvik málsins eru þessi:

Eptir að hin ákærða Þorbjörg Jóhannesdóttir frá Suðurríki, sem er ógipt og er fædd 27. apríl 1852, var orðin barnshafandi að völdum vinnumanns Þorsteins Sigurðssonar á Borg, ásetti hún sjer á slætti 1877 að fyrirfara barni því, sem hún gekk með. Þrætti hún því ávallt fyrir, að hún væri vanfær. Nóttina milli 11. og 12. septbr. 1877 ól hún barn á enginu hjá túninu fyrir sunnan bæinn á Suðurríki; var það meybarn og fæddist lifandi; þegar barnið var fætt, deyddi hún það á þann hátt, að hún þrýsti á höfuðið svo blóð kom út um það; fleygði hún því síðan í skurð þar nálægt, er sjór gengur í, og ljet lítið eitt af sandi ofan á það.

Að vísu hefur barnið ekki fundizt; en með því hin ákærða eindregið hefur kannast við, að hún hafi fætt í dulsmáli og fyrirfarið barni sínu, og að hún hafi löngu áður en hún varð ljettari ásett sjer þetta og þessari játningu hennar er ekki hnekkt í neinu verulegu af því, sem annars er fram komið í málinu, verður rjetturinn að álíta, að lögleg sönnun sje komin fram fyrir því, að Þorbjörg Jóhannesdóttir hafi framið glæp þann, sem hún er ákærð fyrir. Hefur undirdómarinn rjettilega heimfært hann undir 193. gr. alm. hegnl. síðari málsgrein, og virðist Þorbjörgu, sem komin er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur sætt

ákæru eða hegningu, hæfilega refsað með 6 ára betrunarhúsvinnu; að öðru leyti ber að staðfesta undirrettardóminn; svo ber hinni ákærðu og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 12 kr. til hvors.

Að því leyti snertir meðferð málsins í hjerði, þá hefur það að vísu verið rekið með tilbærilegum hraða, en yfirdómurinn verður að taka það fram, að hjerðsdómarinn hefði átt að láta lækni skoða ákærðu þegar í stað, er hann varð þess vís, að hún mundi hafa fætt í dulsmáli. Fyrir yfirdóminum hefur sókn og vörn málsins verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Þorbjörg Jóhannesdóttir á að sæta 6 ára betrunarhúsvinnu. Um málskostnað í hjerði á dómur undirrettarins óraskaður að standa, svo greiði hin ákærða og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað og þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðm. Pálssonar, 12 kr. til hvors um sig í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 18/1878:

Rjettvísinn
gegn

Margrjeti Steinunni Björnsdóttir.

Dómur:

Með aukapingsdómi Reykjavíkur kaupstaðar gengnum 15. ágústmán. 1878 er ákærða Margrjet Steinunn Björnsdóttir fyrir hneixlanlega sambúð þrátt fyrir á-